

Fréttatilkynning um ársreikning

Helsinki, 15. mars 2007

Aðgengileg á dönsku, ensku, eistnesku, finnsku, íslensku, lettnesku, norsku og sænsku.

<http://www.nib.int/news/press.html>**Mikil eftirspurn eftir lánnum NIB á vaxtarsvæðum á árinu 2006
Fjármögnun íslenskra orkufjárfestinga tvöfaldast**

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hélt áfram að vaxa á vaxtarsvæðum, bæði í Norður-Evrópu og á öðrum vaxtarsvæðum í heiminum. NIB fagnaði 30 ára afmæli sínu og kynnti nýja stefnu sem leggur áherslu á hlutverk bankans í langtímafjármögnun verkefna sem styrkja samkeppnishæfni og hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Lán til fjármögnunar vatnsafls- og jarðgufuverkefna á Íslandi tvöfölduðust á árinu 2006 í samanburði við árið á undan.

Afkoma 2006

Hreinar vaxtatekjur NIB námu 179 milljónum evra árið 2006, sem er 6% aukning frá árinu áður. Ástæðan fyrir aukningunni er aðallega stækkandi efnahagsreikningur, sem kemur til af mikilli aukningu útgreiddra lána á árinu 2005. Hagnaður bankans nam 137 milljónum evra en var 165 milljónir evra árið áður. Minni hagnaður kemur til af breytingum á markaðsverðmæti skuldabréfa sem lækkaði vegna hækkunar á vöxtum á alþjóðamarkaði.

Lánasafn NIB er áfram í hæsta gæðaflokki. Bankinn varð ekki fyrir neinum útlánatöpum á árinu. Stjórn bankans lagði til að 50 milljóna evra arður yrði greiddur aðildarríkjum bankans.

Mikið fjármagnsflæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum minnkaði eftirspurn eftir lánnum NIB á árinu 2006. Fjárhæð samþykktra lána lækkaði en fjárhæð útborgaðra lána var í meðallagi eftir óvenjulega miklar útborganir á árinu 2005. Fjárhæð samþykktra nýrra lána var 1,6 milljarðar evra (2005: 2,6 milljarðar evra). Útborguð lán á árinu námu 1,6 milljörðum evra (2,1). Fjárhæð lána í lánasafni bankans breyttist ekki og nam 11,6 milljörðum evra í lok ársins.

Nýjar lántökur námu 2,7 milljörðum evra (2,1). Bankinn gaf út skuldabréf í Bandaríkjunum í fimmta sinn að fjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala. Bankinn gaf einnig út skuldabréf í Ástralíu í fyrsta sinn.

Lánveitingar

Í lok árs 2006 átti NIB útistandandi lán í 36 löndum á flestum vaxtarsvæðum heims. Á árinu voru samþykktir 64 nýir lánasamningar í verkefnum í 19 löndum. Af þessum lánasamningum voru 27 við nýja viðskiptavini. Umhverfislán voru 14% lánveitinga á árinu og 26% verkefnanna höfðu jákvæð umhverfisáhrif.

Af nýjum lánnum var mest veitt til orkugeirans og framleiðsluiðnaðar. Í ljósi aukins mikilvægis flutninga og fjarskipta í Norður-Evrópu jukust lánveitingar bankans til þessa geira um 28% í samanburði við árið áður.

Lánveitingar utan aðildarríkja bankans beindust einkum að fjármögnun innviðafjárfestinga. Ný lán til orkugeirans utan aðildarríkja jukust um 17% í samanburði við fyrra ár. Mikil aukning var í lánnum til framleiðsluiðnaðar, eða 48%. Sérstaklega mikið var lánað til Rússlands, Brasilíu, Kína og Víetnam á árinu.

NIB á Íslandi

Orkugeirinn var afgerandi í lánveitingum til Íslands en bankinn veitti ný lán að fjárhæð 130 milljónum evra til íslenskra orkufyrirtækja. NIB undirritaði ný lán við Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja til fjármögnunar fjárfestinga í vatnsafls- og jarðgufuvirkjunum. Lánsfjárhæð til orkuverkefna tvöfaldaðist í samanburði við árið áður. NIB er meðal stærstu lánveitenda til íslensks orkuiðnaðar og stóriðju.

Útstandandi lán til Íslands námu 735 milljónum evra í lok árs 2006, sem er 5% aukning frá árinu áður.

Ársreikningur NIB fyrir árið 2006 er aðgengilegur á síðunni <http://annual.nib.int>

Lykiltölur

(í milljónum evra)	2006	2005
Hreinar vaxtatekjur	179	169
Hagnaður	137	165
Útborguð lán	1 605	2 092
Samningsbundin lán	1 575	2 616
Útstandandi lán og ábyrgðir	11 559	11 742
Tekin lán (ný)	2 689	2 059
Útstandandi tekin lán	13 622	14 456
Handbært fé	3 224	3 101
Niðurstaða efnahagsreiknings	17 988	18 178
Eigið fé / efnahagur (%)	11,2	10,7
Ávöxtun eigin fjár (%)	6,9	8,9
Fjöldi starfsmanna	160	150

NIB er fjölþjóðleg lánastofnun í eigu átta aðildarlanda, Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litáens, Noregs og Svíþjóðar. Bankinn fjármagnar verkefni sem fela í sér gagnkvæma hagsmuni fyrir lántakendur og aðildarríkin. NIB hefur hæstu mögulegu lánshæfiseinkunn, AA/Aaa, frá fremstu fyrirtækjum sem meta lánshæfi á alþjóðlegum vettvangi, Standard & Poor's og Moody's.

Meiri upplýsingar veita Johnny Ákerholm, bankastjóri, í síma +358 9 18001 eða Jamima Löffström, upplýsingafulltrúi, í síma +358 9 180 0291 eða +358 40 581 7208.

www.nib.int